

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080002

Ákvörðun nr. 1/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 1/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 19. júní 2023. Í erindinu voru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við rannsókn á tilteknu máli og talið að starfsmenn sem fóru með málið hafi viljandi eyðilagt rannsókn þess.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 5. október 2023. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. október 2023. Meðfylgjandi voru hljóðupptökur af skýrslutökum vegna málsins.

Með ákvörðun nefndarinnar nr. 12/2024 taldi nefndin að með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og eðli kvörtunarinnar að erindið félli ekki undir valdheimildir nefndarinnar með vísan til 1. kafla, þar sem erindið varðaði framkvæmd rannsóknar sakamáls. Slíkt eftirlitshlutverk er í höndum ríkissaksóknara. Erindinu var því vísað frá nefndinni en jafnframt framsent embætti ríkissaksóknara sbr. 3. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Með bréfi dags. 9. desember 2024 endursendi ríkissaksóknari málið til nefndarinnar til þóknanlegrar meðferðar og er því málið tekið fyrir að nýju.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Með bréfi dags. 9. desember 2024 var erindið endursent nefndinni frá embætti ríkissaksóknara. Í bréfinu kemur m.a. fram:

“Að áliti ríkissaksóknara lýtur erindið að því að lögregla hafi viðhaft ámælisverða starfsaðferð eða framkomu í starfi og/eða að almennum starfsháttum lögreglu við rannsókn málsins, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu um tilkynningar til nefndarinnar. Virðist það raunar einnig vera niðurstaða nefndarinnar, sbr. orðalag í 4. kafla ákvörðunar nr. 12/2024 og í bréfi til ríkissaksóknara, dags. 5. mars sl. Nánar tiltekið lýtur kvörtunin þannig að framkvæmd tiltekinna þátta lögreglustarfsins og að lögregla hafi látið hjá líða að sinna lögmaeltu hlutverki sínu, þ.e. að vinna að uppljóstrun málsins, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga.”

Í fyrsta lagi vísar kvartandi til þess að lögregla hafi haft upplýsingar um hvaða menn voru við störf sem dyraverðir umrætt kvöld en þrátt fyrir þær upplýsingar ekki haldið rannsókn málsins áfram. Efnisleg endurskoðun fór fram á framangreindu í tilefni af kæru vegna ákvörðunar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að hætta rannsókn málsins. Felldi ríkissaksóknari ákvörðunina úr gildi þann 31. mars 2021, einkum á þeim grundvelli að upplýsingarnar um dyraverðina hefðu ekki verið rannsakaðar og mælti fyrir um frekari rannsókn. Kvörtun hennar, að því er þetta atriði varðar, lýtur að því að hún telji að lögreglan hafi látið hjá líða að upplýsa mál hennar vegna þess að lögreglan hafi á sama tíma verið að byggja upp mál sem hafi tengst ætluðum afbrotum annars dyravarðanna.

Í öðru lagi beinir kvartandi kvörtun sinni að tilteknum rannsóknarlögreglumanni vegna framkvæmdar skýrslutöku af sakborningi sem framkvæmd var þann 3. maí 2021. Kvartar hún yfir starfsaðferðum eða framkomu lögreglumannsins í skýrslutökunni. Tekur hún fram að lögreglumaðurinn hafi beðið sakborning afsökunar á að hafa þurft að kalla hann í skýrslutöku og sagt honum að lögreglan „hafi fengið þetta í hausinn frá ríkissaksóknara og [þurft] að klára örfá atriði“. Lögreglumaðurinn hafi ekki gert athugasemd við að sakborningur hafi beðið um nafn og heimilisfang kvartanda, en þeim orðum hafi lögreglumaðurinn átt að taka sem hótun.

Þá gerir kvartandi athugasemdir við að sakborningurinn hafi nánast fengið sjálfur að sjá um skýrslutökuna.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu má ráða að kvartað er yfir því að starfsmaður embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins hafi vísvitandi eyðilagt rannsókn á nauðgun annað hvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt fyrirmælum yfirmanns.

Eftir yfirferð nefndarinnar á kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin annars vegar að tiltekin ummæli starfsmanns við skýrslutöku af kvartanda hafi verið óheppileg og ekki í samræmi við fagleg og vönduð vinnubrögð en telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna þeirra.

Hins vegar telur nefndin að starfsmenn embættisins hafi viðhaft ámælisverðar starfsaðferðir/starfshætti sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga, þegar embættið lét hjá líða að sinna lögmæltu hlutverki sínu við upphaf rannsóknar, þ.e. að vinna að uppljóstrun málsins, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Þrátt fyrir að rannsókn málsins hafi verið tekin upp að nýju eftir að niðurstaða ríkissaksóknara lá fyrir þann 31. mars 2021 er ljóst að verulegur dráttur varð á rannsókn málsins og skýrslutökur af meintum sakborningi og vitnum fór ekki fram fyrr en rúmum tveimur árum eftir meint brot.

Nefndin telur mikilvægt að embættið yfirfari verklag og meti hvort þörf sé á úrbótum svo hægt sé að girða fyrir að sambærilegt atvik eigi sér stað aftur. Erindið er því sent embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Nefndin telur starfsmenn embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafa viðhaft ámælisverða háttsemi og sendir erindi [REDACTED] til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Flosi Sigurðsson

Kristín Edwald

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100006

Ákvörðun nr. 2/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 2/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 14. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintan skort á viðbrögðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar kvartandi óskaði eftir því að leggja fram kæru vegna meints kynferðisbrots og einnig eru gerðar athugasemdir við framkvæmd embættisins á rannsókn málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar sbr. 1. kafla er þeim hluta kvörtunarinnar er snýr að framkvæmd rannsóknar sakamáls vísað frá nefndinni þar sem ekki fellur undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála og beitingu rannsóknarúrræða.

3.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. nóvember 2023, þar sem eftirfarandi kom fram:

„Þann 30. júní 2022 kom [REDACTED] til lögreglu og lagði fram tilkynningu um atvikið. Hún vildi einungis tilkynna málið en fá að leggja mögulega fram kæru síðar. Með tölvupóstum 22. og 27. júlí s.á. sendi hún viðbótarupplýsingar til LRH, send var skýrslutaka frá [REDACTED] og var tekin skýrsla af henni hjá LRH þann 5. september sl. [REDACTED] og réttargæslumanni hennar var sent erindi þann 11. september sl. þar sem tilkynnt var um og rökstudd sú ákvörðun lögreglustjóra að hætta rannsókn málsins. Var í bréfinu leiðbeint með kæruleiðir. 11. október sl. kærði réttargæslumaður f.h. kæranda ákvörðunina til ríkissaksóknara og er málið til meðferðar þar. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi vegna afskipta af kvartanda þann 1. júlí 2023 ásamt upptökum úr eftirlitmyndarvélum úr miðbænum.

Gögn málsins munu verða send til nefndarinnar þegar embætti ríkissaksóknari hefur lokið meðferð málsins.“

Skýrslur málsins, samskipti embættisins við kvartanda og önnur yfirvöld bárust nefndinni þann 18. desember 2024.

4.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

5.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir skorti á svörum til kvartanda þegar lögð var fram kæra vegna meints kynferðisbrots.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni auk þeirra svara og gagna frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Þeim hluta erindisins er lýtur að framkvæmd rannsóknar sakamáls er vísað frá.

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23110002

Ákvörðun nr. 3/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 3/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 17. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, m.a. við ástæðu handtöku kvartanda þann 29. mars s.á., húsleit og þann langan tíma sem kvartandi var vistaður í fangaklefa í kjölfarið.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 14. desember 2023 og aftur 25. nóvember 2024.

Gögn málsins bárust nefndinni þann 17. desember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar sbr. 1. kafla er þeim hluta kvörtunarinnar er snýr að mati lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála og beitingu rannsóknarúrræða, vísað frá nefndinni.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun yfir starfsháttum Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Við skoðun á gögnum málsins, sér í lagi búkmyndavélum, kemur fram að kvartandi er sóttur á bráðamóttöku sjúkrahússins og er þar boðið far heim af lögreglu. Fram kemur í gögnum málsins að hann sé greindarskertur og eigi við alvarleg geðræn vandamál að stríða. Í því ljósi er enn brýnna en ella að upplýsa hann um réttarstöðu sína og rétt sinn til verjanda eins fljótt og unnt er og áður en rannsóknaraðgerðir hefjast.

Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin ljóst að yfirfara þurfi verklag embættisins að því er varðar handtöku og húsleit þegar um er að ræða einstaklinga með alvarleg geðræn vandamál og/eða greindarskerta einstaklinga. Erindið er því sent lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra til þóknanlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindið er sent lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Flosi H. Sigurðsson

Kristín Edwald

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23120006

Ákvörðun nr. 4/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 4/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent [REDACTED] frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðin þann 15. desember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við gróft trúnaðarbrot embættisins eftir að kvartandi lagði fram nafnlausu ábendingu til embættisins um mögulegan dvalarstað einstaklings sem lýst var eftir. Fram kemur að símanúmer kvartanda hafi verið skráð í skýrslu sem síðar var afhent lögmanni einstaklingsins sem lýst var eftir sem leiddi til þess að sá einstaklingur fékk vitneskju um ábendinguna og frá hverjum hún stafaði.

Með framsendu erindi barst nefndinni einnig bréf frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til kvartanda dags. 15. desember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Í meðfylgjandi bréfi frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til kvartanda dags. 15. desember 2023, kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Embættið harmar þessi mistök og að ekki hafi verið gætt betur en raun bar vitni, að trúnaði vegna tilkynningar þinnar. Farið hefur verið yfir málið með þeim starfsmönnum sem hlut eiga að máli og farið yfir vinnulag sem viðhaft er vegna meðferð ábendinga sem berast lögreglu með þessum hætti með það að markmiði að fyrirbyggja að slíkt geti komið fyrir aftur. Embættið hefur jafnframt verið í samskiptum við embætti ríkislögreglustjóra sem rekur fjarskiptamiðstöð lögreglu í sama augnamiði.“

Þann 8. október sl. óskaði nefndin eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, með hvaða hætti var farið yfir vinnulag sem viðhaft er vegna meðferðar ábendinga sem berast lögreglu með þessum hætti. Nánar tiltekið hvernig staðið var að yfirferð vinnulags og hvort að gerðar voru breytingar á því.

Svar embættisins barst nefndinni þann 16. janúar 2025 en þar kemur m.a. fram að haft hafi verið samband við embætti ríkislögreglustjóra til kanna hvort mögulega væri hægt að skerpa á vinnulagi vegna skráningar mála hjá Fjarskiptamiðstöð við starfsmenn.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Í meðfylgjandi gögnum kemur fram að embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur þegar tekið kvörtun [REDACTED] til meðferðar og farið yfir málið með viðkomandi starfsmanni.

Nefndin telur ljóst að um var að ræða ámælisverða háttsemi sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga 90/1996. Með hliðsjón af þeirri meðferð sem málið hefur þegar fengið hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu telur nefndin þó ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Flosi Sigurðsson

Kristín Edwald

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020006

Ákvörðun nr. 5/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 5/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 13. febrúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, daganna 3. og 5. febrúar 2024, þegar afskipti voru höfð af kvartanda.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við útgáfu sektar vegna aksturs án gildra ökuréttinda. En kvartandi tekur fram að þegar lögregla hafði afskipti af honum þann 3. febrúar 2024, hafi bifreiðin verið kyrrstæð.

Í öðru lagi er gerð athugasemd við ásakanir lögreglu á hendur kvartanda um meinta sölu á áfengi. En kvartandi telur slíkar ásakanir ekki réttar þar sem lögregla handtók hann áður en meint sala fór fram.

Í þriðja lagi er gerð athugasemd við að lögreglan hafi ekki skilað kvartanda dvalarleyfisskírteini hans.

Í fjórða lagi er gerð athugasemd við starfshætti lögreglu þegar honum var að hans sögn, neitað um aðstoð þann 5. febrúar 2024 og vísað út af lögreglustöðinni með valdi.

Í fimmta lagi er gerð athugasemd við að kvartanda hafi ekki verið útvegaður túlkur við handtöku og síðar skýrslutöku þann 3. febrúar 2024. En fram kemur að kvartandi tali ekki íslensku og hafi átt erfitt með að skilja ensku vegna vanlíðan.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 13. mars 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar sbr. 1. kafla er lið 1 og 2, vísað frá nefndinni. Þar sem ekki fellur undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála.

3.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 6. janúar 2025. Meðfylgjandi voru gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum af samskiptum á vettvangi og skýrslutöku, upptaka úr afgreiðslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu þann 5. febrúar 2024.

4.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

5.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærnu vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir starfsaðferðum og meintri valdbeitingu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upptöku úr bókmyndavél virðist kvartandi eiga auðvelt með að skilja ensku í samskiptum við lögreglumann. Með hliðsjón af þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, verður ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

1. og 2. lið erindisins er vísað frá nefndinni.

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Flosi H. Sigurðsson

Kristín Edwald

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020009

Ákvörðun nr. 6/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 6/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 27. febrúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og embættis Ríkislögreglustjóra vegna meints harðræðis þegar hann var handtekinn í tvígang árið 2023. Annars vegar þann 17. apríl 2023 á heimili hans og hins vegar þann 8. október s.á. á hóteli í miðbæ Reykjavíkur.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 13. mars 2024. Einnig var óskað eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 19. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 25. júní 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málanna og upptökur úr búkmyndavélum frá báðum atvikum.

Ríkislögreglustjóri svaraði beiðni nefndarinnar þann 26. nóvember 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna beggja atvika og upptökur úr búkmyndavélum frá afskiptum þann 17. apríl 2023.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir meintu harðræði við handtöku í tvígang.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir yfirferð nefndarinnar telur nefndin með hliðsjón af gögnum málsins, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna af vettvangi, að lögreglumenn hafi beitt valdbeitingu og valdbeitingartækjum í samræmi við þær aðstæður sem uppi voru og ekki gengið lengra en nauðsyn krafði í báðum tilvikum. Þeir áverkar sem kvartandi hlaut við afskiptin hafi komið til þegar lögreglumaður hafi verið að verjast árás kvartanda og því aðeins um óhappatilvik að ræða. Ekki verður séð að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 og telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Flosi H. Sigurðsson

Kristín Edwald

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24060004

Ákvörðun nr. 7/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 7/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 18. júní 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti lögreglumanns hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 4. júní sl. Fram kemur í erindinu að á kvartandi hafi litið á símann sinn í stuttan stund á meðan hann hafi verið að bíða á rauðu ljósi. Stuttu síðar hafi lögreglumaður stöðvað hann og sektað fyrir að nota síma við akstur. Þá gerir kvartandi einnig athugasemdir við að lögreglumaðurinn hefði tjáð honum á vettvangi að sektinni hefði verið hægt að komast hjá, ef hann hefði beðið hann fyrirgefningar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 19. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á

grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu afhenti nefndinni gögn málsins og upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi með bréfi dags. 22. ágúst 2024.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir framkomu og starfsháttum starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin endurskoðar ekki almennt mat lögreglu um álagningu sektar í umrætt sinn sbr. 1. kafla en telur jafnframt að sektin hafi verið í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hins vegar telur nefndin orðaval lögreglumannsins á vettvangi óheppilegt.

Með hliðsjón af þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, og þrátt fyrir óheppileg ummæli lögreglumannsins, verður ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr.

35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24060007

Ákvörðun nr. 8/2025

Þann 14. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 8/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 10. júní 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint óeðlileg og ítrekuð ástæðulaus afskipti af [REDACTED] við umferðareftirlit lögreglu. Þá greinir hann frá því að lögreglan staðnemi lögreglubifreið fyrir utan heimili hans af ástæðulausu.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum með bréfi dags. 19 ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar sbr. 1. kafla er þeim hluta kvörtunarinnar er snýr að framkvæmd rannsóknar sakamáls vísað frá nefndinni þar sem ekki fellur undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála og beitingu rannsóknarúrræða.

3.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum svaraði beiðni nefndarinnar með umbeðnum gögnum, þann 29. ágúst 2024. Af gögnum sem nefndinni bárust, má sjá að hin meintu óeðlilegu afskipti af kvartanda áttu sér stað frá árinu 2018 – 2024 í sjö aðgreindum atvikum sem bera öll sitt hvort málsnúmerið hjá lögreglu. Í tvö skipti bárust lögreglu tilkynningar frá borgurum sem höfðu áhyggjur af aksturslagi kvartanda í umrædd skipti. Afskipti lögreglu í öllum fyrrnefndum málum eiga það sameiginlegt að eiga við um ógætilegan og of hraðan akstur kvartanda í umrædd skipti. Meðal gagna sem nefndinni bárust voru myndbandsupptökur út lögreglubifreið vegna afskipta frá 11. júní 2024.

4.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

5.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Með hliðsjón af því hvernig málsvikur var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðarson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080007

Ákvörðun nr. 9/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 9/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu komst að þeirri niðurstöðu þann. 16. ágúst 2023, að rétt væri að hefja frumkvæðisathugun á meintu athafnaleysi Lögreglustjórans á Vesturlandi í málum er varða beiðni um lögregluaðstoð [REDACTED] vegna deilna um landamörk, með vísan til c-liðar 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin taldi rétt að sú ákvörðun lögreglu að koma ekki á staðinn þegar óskað var aðstoðar þarfnaðist skýringar í kjölfar fréttaflutnings á fréttavef [REDACTED] síðla sumars [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi með bréfi dags. 16. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 6. september 2023. Meðfylgjandi var samantekt yfir þau mál sem skráð höfðu verið í lögreglukerfið í samræmi við beiðni nefndarinnar. Um er að ræða 46 málsnúmer frá árinu 2017 og eru aðilar fjölmargir og tengjast allt að 5 jörðum sem þrætt er um. Í bréfi lögreglustjóra kemur fram að eftirfarandi mál hafi verið tekin sérstaklega saman þar sem þau falli undir beiðni nefndarinnar um mál sem þarfnast skýringa þar sem óskað hafi verið eftir aðstoð lögreglu en lögregla ekki mætt á staðinn.

Um er að ræða 17 mál þar sem óljóst er af bókunum í LÖKE hvort að lögregla hafi mætt á staðinn. Eftirfarandi kemur fram í málaskrá lögreglu:

■ Þá var ekki ljóst af bókunum hvort vakthafandi lögreglumenn hafi farið á vettvang eða ekki en bókað var um málið. Tilkynnandi hafi síðar mætt á lögreglustöð og rætt við rannsóknarlögreglumann, rannsókn málsins var hætt og eru þær tilkynningar meðal gagna frá embættinu.

■ – Fram kemur í bókun að lögreglumaður hafi ætlað að setja sig í samband við tilkynnanda en ekkert er framhaldsbókað í málið og eru því ekki upplýsingar til staðar um hvort lögregla hafi farið á vettvang eða ekki. Lögreglumaðurinn er ekki lengur starfandi hjá embættinu.

■ – Var ekki farið á vettvang en upplýsingar um málin bókuð í LÖKE, teknar voru skýrslur af sakborningum vegna skemmda á eignum og var rannsókn málsins hætt á grundvelli þess að vafi væri um einkaréttarlega stöðu deiluaðila.

■ – Þar eru tilkynningar en óljóst er af bókunum hvort óskað hafi verið eftir lögreglu á vettvang. Rannsókn málsins var hætt og eru þær tilkynningar meðal gagna frá embættinu.

■ – Þar voru teknar niður upplýsingar og þær framhaldsbókaðar í LÖKE í öllum málum nema í máli nr ■ og því ekki til staðar upplýsingar um viðbrögð lögreglumanns í því máli en hann er ekki lengur starfandi hjá embættinu. Rannsókn málanna var hætt ásamt nokkrum öðrum og eru þær tilkynningar meðal gagna frá embættinu.

■ Samkvæmt bókunum í málunum þá hefur lögreglumaður metið stöðuna svo með hliðsjón af verkefnastöðu að það myndi ekki spilla fyrir rannsókn málsins þó lögreglumaður á svæðinu kæmi seinna til þess að skoða vettvang. Lögreglumaður fór síðar á vettvang, tók myndir og ræddi við brotaþola. Málið er til meðferðar hjá ákærusviði embættisins.

■ – Þar var málið ekki framhaldsbókað og því liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort lögregla hafi farið á vettvang eða ekki. Lögreglumaðurinn er ekki lengur starfandi hjá embættinu.

Samkvæmt gögnum frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi þá fór lögregla á vettvang samkvæmt skráningum lögreglumanna í 16 öðrum málum vegna umræddra deilna frá árinu 2017 til 2023. Þá hafi í enn öðrum 17 málum aðilar mætt á lögreglustöð til að tilkynna eða leggja fram kæru eða haft samband til þess að atvik sé skráð án þess þó að sjá megi af gögnum hvort óskað hafi verið eftir lögreglu á vettvang.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af gögnum Lögreglustjórans á Vesturlandi má sjá að svo virðist sem að ekki hafi verið farið á vettvang í einhverjum af þeim tilkynningum og beiðnum sem barst til lögreglu um aðstoð. Þó vantar töluvert uppá nákvæmni lögreglumanna við skráningu bókana um atvik sem tilkynnt voru til lögreglu og því óljóst hvort farið hafi verið á vettvang og aðstoð veitt málsaðilum í þau skipti sem óskað var eftir henni. Af þeim sökum getur nefndin ekki fullyrt að lögregla hafi ekki farið á staðinn þegar þess var óskað. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur afar mikilvægt að vanda til verka við skráningar í LÖKE varðandi hverskonar tilkynningar sem berast lögreglu og beinir því til Lögreglustjórans á Vesturlandi að fara yfir verklag og mikilvægi þess að gætt sé nákvæmni í skráningu varðandi tilkynningar sem lögreglu berast jafnvel þó þær kunni að vera „minniháttar“ að mati lögreglumanna, eða ef vafi leikur á um einkaréttarlega stöðu aðila.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Engu að síður telur nefndin að fara þurfi yfir mikilvægi nákvæmis við skráningu upplýsinga í LÖKE og vandað sé til verka í hvívetna við bókanir og að upplýsingar séu skýrt framsettar svo unnt sé að rekja aðgerðir lögreglu í tilteknum málum.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir því til Lögreglustjórans á Vesturlandi að fara yfir með starfsmönnum embættisins mikilvægi þess að bókanir séu skýrt framsettar og nákvæmni sé í vinnubrögðum starfsmanna þegar kemur að skráningu upplýsinga í upplýsingakerfum lögreglu vegna mála sem berast embættinu.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23090003

Ákvörðun nr. 10/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 10/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 5. september 2023. Í erindinu eru gerðar fjölmargar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þegar kvartandi var handtekinn þann 1. júlí 2023 í miðbæ Akureyrar. Gerðar eru athugasemdir við að kvartandi hafi verið vistaður í fangageymslu í 24 klukkustundir í kjölfarið á grundvelli þeirrar skýringar að það væri vinnuregla að þeir sem réðust á lögreglumenn væru látnir vera 24 tíma í fangageymslu. Einnig að hann hafi óskað eftir að fá lækni á staðinn vegna mikillar vanlíðunar en ekki hafi verið orðið við því. Ljós hafi verið kveikt og slökkt í klefanum með óreglulegu millibili þannig að hann hafi ekki getað sofnað. Í erindinu kemur fram að hann hafi að lokum ærst og eftir að hafa látið ófriðlega í nokkurn tíma inni í klefanum hafi hann valdið tjóni á ljósabúnaði klefans.

Þá er gerð athugasemd við langan tíma sem tók embættið að afhenda lögmanni kvartanda gögn málsins. Einnig eru gerðar athugasemdir við ítrekuð afskipti af kvartanda í kjölfar afskiptanna þann 1. júlí 2023 sem hafi svo hætt eftir að lögmaður kvartanda lagði fram fyrirspurn hjá embættinu vegna þeirra.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 13. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. nóvember 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi vegna afskipta af kvartanda þann 1. júlí 2023 ásamt upptökum úr eftirlitmyndarvélum úr miðbænum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er m.a. yfir meintri tilhæfulausri handtöku á kvartanda og meintum ítrekuðum afskiptum af kvartanda í kjölfar handtökunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Í fyrsta lagi telur nefndin að handtakan þann 1. júlí 2023 hafi verið í samræmi 16. gr. lögreglulaga og valdbeiting hafi verið í samræmi við 14. gr. sömu laga en upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi sýni glöggst hvernig atburðarrásin var. Í öðru lagi kemur fram í vistunarskýrslu embættisins vegna vistunar kvartanda í fangaklefa í umrætt sinn að kvartanda hafi verið sleppt úr haldi um þremur klukkustundum eftir handtöku og því hafi honum ekki verið haldið í 24 klukkustundir í fangaklefa. Í þriðja lagi er ekkert bókað í vistunarskýrslu um að kvartandi hafi óskað eftir lækniaðstoð og engin gögn benda til þess að hann hafi verið

bráðveikur á meðan á vistun hans stóð. Í fjórða lagi vísar nefndin til þess að á þeim tíma sem kvartandi var vistaður í fangaklefa á lögreglustöðinni hafi verið ólag á rafmagni á lögreglustöðinni og því ljóst að ekki er við lögreglumenn að sakast vegna þess þó það sé vissulega óheppilegt að aðstæður hafi verið með þeim hætti. Í fimmta lagi telur nefndin ekkert benda til þess að lögreglustjóri hafi dregið úr hófi að afhenda umbeðin gögn í málinu til lögmanns kvartanda og gerir nefndin því ekki athugasemdir við málshraða embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í málinu. Í sjötta lagi er það mat nefndarinnar að ekkert bendi til þess að embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra hafi átt óeðlileg afskipti af kvartanda eftir 1. júlí 2023 enda eru ásakanir kvartanda með öllu órökstuddar. Það er mat nefndarinnar að lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24050003

Ákvörðun nr. 11/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 11/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED] dags. 23. maí 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintar ofsóknir í garð hans af hálfu starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fram kemur m.a. að 1. maí 2024 hafi kvartandi verið stöðvaður við akstur og beðinn um ökuskírteini sem hann framvísaði. Honum var þá tjáð að skírteinið kæmi ekki fram í kerfum lögreglu og einnig að hann væri með þriggja ára endurkomubann sem hann kannaðist ekki við. Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 27. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 5. júlí 2024. Meðfylgjandi voru m.a. skýrslur embættisins, dagbókarfærslur og ákvörðun Útlendingastofnunar frá 2021.

Meðfylgjandi var ákvörðun Útlendingastofnunnar dags. [REDACTED], undirrituð af kvartanda, um brottvísun og þriggja ára endurkomubann. Einnig var meðfylgjandi úrskurður kærunefnd útlendingamála dags. [REDACTED] þar sem kvartanda var veittur 15. daga frestur til að yfirgefa landið sjálfviljugur. Þá kemur einnig fram að kvartandi hafi verið eftirlýstur í kerfum lögreglu frá 2021 og því í ólöglegri dvöl.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir meintum ofsóknum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum í garð kvartanda.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Það er mat nefndarinnar að lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem henni eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. En fyrir liggur að kvartandi var eftirlýstur í kerfum lögreglu vegna ákvörðunar Útlendingastofnunnar dags. 27. apríl 2021, um brottvísun og þriggja ára endurkomubann, og embættið fékk beiðni um að handtaka hann vegna þess. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24050004

Ákvörðun nr. 12/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 12/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED], dags. 22. maí 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir m.a. vegna meints skorts á svörum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til lögmanns kvartanda. Fram kemur að lögmaður kvartanda hafi frá því í apríl 2021 óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins og gögn til að unnt sé að gera bótakröfu, þ.m.t. áverkavottorð. Þá kemur fram að frumskýrslan í málinu hafi borist seint og um síðir og enn síðar samantekt af skýrslu kvartanda. Áverkavottorð hefði enn ekki borist. Þá hafi svör almennt ekki borist við fyrirspurnum lögmannsins um stöðu máls og gögn.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 27. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. júní 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins og afrit af tölvupóstssamskipum embættisins og lögmanns kvartanda. Einnig var ferill málsins rakin í bréfi embættisins.

Af yfirferð á gögnum málsins er ljóst að upphafleg beiðni lögmanns um gögn málsins barst embættinu 13. apríl 2021, gögn málsins bera með sér að hann hafi fengið frumskýrsluna afhenda strax. Lögmaður ítrekar beiðni sína ári síðar eða 23. apríl 2022 og þann 31. ágúst s.á. er ljóst af tölvupóstssamskiptum að lögmanninum hafði borist frumskýrsla málsins en ekki önnur gögn. Þann 5. september 2022 eru gögn send lögmanninum með Signet-transfer og tekið fram að embættið hefði ekki undir höndum áverkavottorð.

Þann 13. febrúar 2023 ítrekar lögmaður kvartanda fyrirspurn sína við embættið um hvar málið sé statt í kerfinu, hvort skýrsla hafi verið tekin af hinum grunaða og hvort rannsókn málsins sé lokið. Einnig óskar hann aftur eftir skýrslu brotaþola og áverkavottorði.

Þann 29. september 2022 er dómur [REDACTED] kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur og þann 12. október 2022 eru gögn málsins send ríkissaksóknara sbr. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008 vegna áfrýjunar málsins til Landsréttar. Fluttist forræði málsins þá yfir til ríkissaksóknara. Þann 31. mars 2023 var dómur [REDACTED] kveðinn upp í Landsrétti. Greinargerð kröfuhafa um bótakröfu var lögð fram 17. apríl 2023.

Nefndin óskaði eftir nánari upplýsingum um nákvæmar dagsetningar á afhendingu gagnanna frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 31. mars 2025. Embættið svaraði samdægurs og tilkynnti að frekari upplýsingar væru ekki til staðar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefndin ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins. Nefndin beinir hins vegar þeim tilmælum til embættisins að vanda skráningu á afhendingu gagna til lögmanna og réttargæslumanna.

Nefndin telur hins vegar að gögn málsins gefi tilefni til frekari skoðunar á framkvæmd og tilkynningarskyldu ákæranda í málinu og hvort hún hafi verið í samræmi við 3. mgr. 40. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Erindið er því framsent ríkissaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Erindið er framsent ríkissaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24060002

Ákvörðun nr. 13/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 13/2025.

Málsatvik

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 7. júní 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fram kemur m.a. að lögregla hafi beitt óþarflegu harðræði með handtöku á heimili kvartanda þann 29. júlí 2023. Aðgerðin hafi verið lítilsvirðandi fyrir kvartanda fyrir framan fjölskyldu og nágranna og settur í vistun í fangaklefa og bíll hans haldlagður.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjunum með bréfi dags. 19. ágúst 2024.

Önnur atriði erindisins er varða athugasemdir við beitingu úrræða á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heyra ekki undir valdsvið nefndarinnar sbr. 2. kafla. Þá hafa dómstólar tekið afstöðu til lögmatís þeirra aðgerða og telur nefndin því ekki tilefni til að framsenda erindið á embætti ríkissaksóknara. Er þeim þáttum erindisins því vísað frá nefndinni

Forsendur nefndarinnar

2.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

3.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 26. ágúst 2024. Meðfylgjandi voru gögn málsins, upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi, úrskurður Héraðsdóms Reykjaness dags. [REDACTED] og úrskurður Landsréttar dags. [REDACTED].

Í bréfi embættisins er tiltekið að kvartanda hafi strax í upphafi verið kynnt réttarstaða sakbornings og einnig réttur hans til lögmanns á öllum stigum málsins. Kvartandi hafi heimilað leit í bifreið sinni með skýrum hætti og án undandrátta. Eftir að lögreglumenn framkvæmdu skoðun og leit í bifreið kvartanda, fyrir utan heimili hans og í hans viðurvist, var honum boðið að koma með lögreglumönnum í skýrslutöku á lögreglustöð. Kvartandi hafi neitað því og kvaðst ekki nenna því á þeim tíma. Kvartandi var þá handtekinn og honum kynnt að það væri mat lögreglu að það væri nauðsynlegt að hann gæfi skýrslu strax.

Einnig kemur fram sem og gögn málsins bera það glögglega með sér, að handtaka á kvartanda hafi farið rólega fram og engum valdbeitingartækjum hafi verið beitt.

4.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

5.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og framkomu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum, telur nefndin að ekki komi fram neinar aðstæður eða tilvik sem gætu falið í sér mögulega refsiverða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eða á mælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur að þau afskipti lögreglu af kvartanda sem fram koma í meðfylgjandi gögnum hafi verið eðlileg, í tengslum við störf lögreglu og í samræmi við 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Erindinu er vísað frá að hluta, sbr. 1. kafli.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24060003

Ákvörðun nr. 14/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 14/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi, frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 7. júní 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Athugasemdirnar lúta að meintum harkalegum lögregluaðgerðum og valdsviði umferðarlögreglu vegna lögreglumáls nr. [REDACTED]. Málsatvikum í erindinu er lýst þannig að lögregla haldlagði bifreið á heimili kvartanda og við þær aðgerðir er efast um heimild lögreglu til haldlagningar og hvort gætt hafi verið meðalhófs við þær aðgerðir og hvort verklagi hafi verið fylgt við haldlagningu með lögmætum hætti. Þá er tilgreint í erindinu að málsmeðferð hjá lögreglu hafi dregið óhóflega.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum með bréfi dags. 19. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 17. desember 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi vegna afskipta af kvartanda, skýrslur vegna málsins auk annarra gagna málsins.

Í bréfi lögreglustjóra kemur fram að við afskipti lögreglu af [REDACTED] þann 23. janúar 2024 hafi honum strax verið kynnt réttarstaða sakbornings. Embættið telur e [REDACTED] aðgerðir lögreglu hafi verið harkalegar, þvert á móti hafi þær einkennst af meðalhófi. var ekki handtekinn heldur var honum boðið að koma á lögreglustöð daginn eftir sem hann og gerði. Varðandi aðra þætti málsins í erindi lögmanns kvartanda þá er þeim málsástæðum hafnað. Umfjöllun í erindi kvartanda snýr að mestu að álitaefnum um lögmæti haldlagningar bifreiðarinnar sem um ræðir í málinu. Fyrir liggur að [REDACTED] hafa þega [REDACTED] þöu til lögmætis haldlagningar [REDACTED] ar, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjaness [REDACTED] frá í máli nr. [REDACTED] og úrskurð Landsréttar í máli [REDACTED]

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er m.a. yfir starfsaðferðum lögreglu, meintri tilhæfulausri haldlagningu á bifreið kvartanda og óeðlilegum drætti á málsmeðferð lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi kvartanda og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Það er mat nefndarinnar að lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24060005

Ákvörðun nr. 15/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 15/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 12. júní 2024. Í erindinu eru m.a. gerðar athugasemdir við aðfinnsluverðar starfsaðferðir og framkomu starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem kvartandi telur fela í sér of-löggæslu og kynþáttamörkun. Fram kemur að kvartandi hafi orðið fyrir ítrekuðu áreiti á grundvelli uppruna síns án ástæðu. Einnig er tekið fram að þrátt fyrir ítrekuð afskipti lögreglu af kvartanda séu engar skýrslur gerðar eða önnur skrifleg gögn til staðar nema í tveimur af sextán málum sem kvartað er undan.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjóranum á Suðurnesjum með bréfi dags. 19. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 28. ágúst 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur, yfirlit yfir mál [REDACTED] hjá embættinu og upptökur úr búkmyndavélum vegna afskipta af kvartanda þann 1. desember 2023.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 3. september 2024. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur embættisins vegna afskipta af kvartanda. Þá kemur einnig fram í svari embættisins að kvartandi var einungis skráður aukaaðili í tveimur málanna og að ekki hafi verið höfð afskipti af honum í þeim málum en höfð voru afskipti af ökumanni bifreiðar í eigu kvartanda.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá liða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er m.a. yfir meintum ítrekuðum afskiptum af kvartanda að ástæðulausu og of-löggæsla og kynþáttamörkun.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá embættum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Eftir yfirferð á gögnum málsins fær nefndin ekki séð að starfsmenn lögreglu hafi verið að áreita kvartanda eða hafa afskipti af honum án tilhlýðilegra ástæðna eða að ósekju. Gögn málsins bera það með sér að afskipti af kvartanda hafi verið í lögmætum tilgangi og með stoð í m.a. lögreglulögum nr. 90/1996, umferðarlögum nr. 77/2019 og lögum nr. 80/2016 um útlendinga en lögregla sinnir meðal annars eftirliti með útlendingum. Með hliðsjón af gögnum málsins og ástæðum þeirra afskipta sem höfð hafa verið af kvartanda m.a. þar sem hann var stöðvaður við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og án ökuréttinda, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24060006

Ákvörðun nr. 16/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 16/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 6. júní 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embætta Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í tengslum við atvik sem átti sér stað í ágúst 2022.

Í fyrsta lagi eru gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglumannsins [REDACTED] í kjölfar tilkynningar sem kom fram í nóvember 2021. Í erindinu kemur fram að ekki hafi verið bókað um tilkynninguna né samræður lögreglumannsins við X í málinu sem erindið snýr að. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu, þann [REDACTED] 2022, þegar afskipti voru höfð af X af starfsmönnum Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.

Í öðru lagi eru gerðar athugasemdir við svifaseint viðbragð lögreglu og fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra þegar atburðurinn átti sér stað þann [REDACTED]

Í þriðja lagi eru gerðar athugasemdir við upplýsingagjöf til aðstandenda kvartanda í kjölfar atviksins. Einnig að langan tíma hafi tekið starfsmenn lögreglu að hafa samband við aðstandendur kvartanda eftir atburðinn og að dregist hafi óhóflega að upplýsa með þeim afleiðingum að [REDACTED] kvartanda fengu fréttir af atvikinu í fjölmiðlum um morguninn en að lokum fengið upplýsingar um atvikið í kringum kl. 10:30. En fyrir lá að lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra hafði upplýst fjölmiðla um atvikið rétt fyrir kl. 9:00 þann sama morgun. Gerðar eru athugasemdir annars vegar við verklag við upplýsingagjöf til aðstandenda í svo alvarlegu máli og hins vegar hvort að lögreglan hafi gætt að þagnaskyldu sinni skv. 22. gr. lögreglulaga við samskipti sín við fjölmiðla varðandi málið.

Tekið skal fram að þeir hlutar kvörtunarinnar sem lúta að rannsóknaraðferðum embættanna falla ekki undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 og ákvörðun nefndarinnar afmarkast aðeins við þá hluta erindisins sem fela í sér kvörtun yfir framkomu og starfsaðferðum embættanna við meðferð málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 23. ágúst 2023 og frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra með bréfi dags. 24. janúar 2024, í tengslum við aðra kvörtun í sama máli en nefndin óskaði jafnframt eftir

viðbótarskýringum með tölvupósti til Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dags. 19. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra sendi viðeigandi gögn til nefndarinnar með bréfi dags. 8. september 2023. Meðfylgjandi voru m.a. endurrit símtala við Neyðarlínuna(NL) og Fjarskiptamiðstöð lögreglu (FMR) og greinargerð vegna samskipta NL og FMR og samskipta FMR og útkallslögreglu.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. febrúar 2024. Meðfylgjandi var m.a. dagbókarfærsla vegna útkallsins.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar um frekari útskýringar á tilteknu skjali sem nefndinni barst frá embættinu þann 4. september 2024.

3.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi kvartanda er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.

5.

Gerðar eru athugasemdir við starfshætti lögreglumannsins [REDACTED] í kjölfar tilkynningar sem kom fram í nóvember 2021. Í erindinu kemur fram að ekki hafi verið bókað um tilkynninguna né samræður lögreglumannsins við X í málinu sem erindið snýr að. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu, þann [REDACTED], þegar afskipti voru höfð af X af starfsmönnum Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Ljóst er að fram er komin kvörtun vegna starfsaðferða lögreglu sbr. 2.mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Í bréfi Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra til nefndarinnar, dags. 8. febrúar 2024, kemur fram að það hafi verið bókað um málið og vísað til lögregluskýrslu um afskiptin og þær aðgerðir rökstuddar sem farið hafði verið í af hálfu embættisins vegna tiltekinnar tilkynningar um X þann [REDACTED]. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur rökstuðning og yfirferð Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra varpa góðu ljósi á þær aðgerðir sem farið var í miðað við fyrirliggjandi upplýsingar á þessum tímapunkti og gerir ekki athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu í umrætt sinn og telur ekki tilefni til að aðhafast vegna þess hluta erindisins.

6.

Gerðar eru athugasemdir við langan viðbragðstíma Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Í gögnum málsins kemur fram að fyrsta símtalið til Neyðarlínunnar (NL) kemur inn kl. 5:27 þar sem tilkynnt er um [REDACTED]. Áður en NL nær að færa símtalið yfir á Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) slitnar símtalið. Reynt var að hringja aftur í tilkynnanda í tvígang en án árangurs kl. 5:30 og 5:31. Síðan líður mínúta meðan FMR og NL eru að meta sannleiksgildi símtalsins. Klukkan 5:32:44 var ekki búið að ræsa út viðbragsaðila.

Klukkan 5:33:05 er aftur hringt í NL frá sama húsi en annar tilkynnandi þar sem óskað er eftir aðstoð. Símtalið varir í 2:22 mínútur. Á 22. sekúndu í símtalinu segist neyðarvörður vera að

senda aðstoð og á mínútu 1:21 tilkynnir neyðarvörður að búið sé að boða sjúkrabifreið og lögreglu á mesta forgangi. Klukkan er þá 5:34.

Í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra er ekki sólarhrings vakt. Fyrsta bakvakt var ræst út klukkan 5:34 og önnur bakvakt kl. 05:35. Ekki verður greint frá útkallsfyrirkomulagi sérsveitar.

Af framansögðu sést að það liðu 7 mínútur frá því að fyrsta hringing barst NL frá því að bakvakt lögreglu var boðuð út. Fyrsta lögreglubifreiðin mætir á staðinn klukkan 5:52. Þannig er lögreglan mætt á staðinn 25 mínútum eftir að fyrsta símtalið barst NL en aðeins 17-18 mínútum eftir að bakvakt lögreglu og rannsóknarlögreglu er ræst út. Þannig gefur fréttatilkynning Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á [REDACTED] villandi mynd af viðbragðstíma lögreglu en þar kemur fram að viðbragðstími hafi verið 26 mínútur.

Nefnd um eftirlit með lögreglu gerir ekki athugasemdir við viðbragðstíma lögreglunnar á Norðurlandi vestra í málinu. Nefndin telur viðbragðstíma lögreglunnar á Norðurlandi vestra ekki megi rekja til starfshátta starfsmanna embættisins í umrætt sinn.

7.

Í bréfi kvartanda eru gerðar athugasemdir við upplýsingagjöf til aðstandenda kvartanda í kjölfar atviksins. Í svari frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, dags. 8. febrúar 2024 kemur fram að við mat á því hvaða aðstæður voru uppi þurfi að líta til þess ástands sem ríkti á [REDACTED] og víðar vegna málsins. Ástand sem lögreglustjóri gat ekki lýst með öðrum hætti en upplýsingaóreiðu í víðasta skilningi þess hugtaks vegna misvísandi og óstaðfesta upplýsinga um atvik máls sem fóru eins og eldur í sinu um samfélagsmiðla og manna á milli. Óvíst hafi verið hvort slíkum upplýsingum hafi verið deilt eða dreift af ásetningi eða til að valda skaða. Aftur á móti virðast sögusagnir hafa komist á kreik um málið og jafnframt hafi verið mikill þrýstingur frá fjölmiðlum um að fá upplýsingar um málið. Upplýsingagjöf embættisins tók mið af þessu og var að stórum hluta í því augnamiði að koma í veg fyrir að rangar fréttir og mögulegar falsfréttir færu af stað. Hagsmunir aðstandenda voru þar hafðir að leiðarljósi. Aukinheldur tók miðlun upplýsinga embættisins mið af því að á stjórnvöldum hvílir ótvíræð upplýsingaskylda gagnvart almenningi að veita upplýsingar um einstök mál. Sá upplýsingaréttur sé eðli málsins samkvæmt ekki án takmarkana og kann lögbundin þagnaskylda stjórnvalds t.d. að takmarka hann eða rannsóknarhagsmunir við meðferð sakamáls. Á hverjum tíma og í hverju tilviki þarf embættið að vega og meta hvort og hvaða upplýsingar skuli veita með hliðsjón af upplýsingum sem leynt skulu fara vegna lögbundinnar þagnarskyldu og/eða rannsóknarhagsmuna. Í bréfinu kemur einnig fram að lögreglustjóri staðfesti við [REDACTED] í frétt sem birt var kl. 9.24 umræddan morgun að [REDACTED] og [REDACTED] þá um morguninn. Þær upplýsingar hafi ekki verið persónugreinanlegar og það var mat lögreglustjóra á þeim tíma

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

að ekki hefði verið fært að bíða lengur með að staðfesta atburðinn. Á þeim tíma lá fyrir að ekki hafði náðst að afla upplýsinga um alla mögulega aðstandendur og hafa samband við þá. Lögreglustjóri segir í bréfinu að viðbrögð embættisins hafi ekki falið í sér ófagleg vinnubrögð og upplýsingar hafi verið í samræmi við það sem lögreglustjóri tjáði um það ástand sem ríkti í samfélaginu og hvernig fréttir af umræddum atburði bárust hratt og víða strax um morguninn.

Í bréfi lögreglustjóra til nefndarinnar eru aðstæður útskýrðar og aðfinnslur hraktar með málefnalegum hætti. Nefndin gerir ekki athugasemdir við störf lögreglustjóra hvað þennan lið varðar.

8.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins en þegar hefur verið gert sbr. 6. kafla.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24080002

Ákvörðun nr. 17/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 17/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 25. júní 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi atvik sem átti sér stað þann 26. maí 2023 á heimili hans. Þar var lögregla mætt til að handtaka hann og framkvæma húsleit en í erindinu kemur fram að lögregla hafi beitt hann ofbeldi og að starfsaðferðir lögreglu hafi verið óeðlilega harkalegar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 2. október 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sendi nefndinni umbeðin gögn dags. 8. október 2024. Meðfylgjandi voru upptökur af samskiptum lögreglu við [REDACTED] á heimili hans og handtöku ásamt handtökuskýrslu vegna málsins.

Samkvæmt handtökuskýrslu fóru rannsóknarlögreglumenn að heimili [REDACTED] þar sem hann var grunaður um að hafa barnaníðsefni í fórum sínum. Hann hafi verið í töluverðu uppnámi en vissi strax af hverju lögreglan var komin og tjáði lögreglu að hann vissi ekki af hverju þetta hafði verið í símanum/Instagram reikningi hans, [REDACTED] hans hafi sagt honum það. [REDACTED] hafi hagað sér einkennilega og hafi tekið m.a. upp skráfjárn af gólfinu en sleppti því um leið og lögregla skipaði honum að gera það. [REDACTED] var handtekinn 13.48. [REDACTED] var þaðan fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem hann var vistaður og óskaði eftir aðstoð lögmanns sem honum var úthlutaður. [REDACTED] hafði ekki heimilað húsleit og var farið fram á dómsúrskurð og íbúðin innsiglið. [REDACTED] var látinn laus sama dag eftir að búið var að taka af honum skýrslu vegna málsins. Í bréfi embættisins til nefndarinnar kemur fram að málið sé enn í rannsókn. Það kemur einnig fram að ekki eru til upptökur úr bifreið sem flutti [REDACTED] handtekinn á lögreglustöð. Þá kemur einnig fram að þegar rannsókn málsins er lokið hjá embættinu og ákvörðun tekin um afdrif þess er hægt að afhenda nefndinni frekari upplýsingar er snúa að rannsókn málsins sé þess óskað.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir starfsháttum starfsmanns lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nefnd um eftirlit með lögreglu fer ekki með eftirlit með rannsókn sakamála sbr. 35. gr. laga nr. 90/1996 og því er ekki talin þörf á að óska eftir upplýsingum um rannsókn málsins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir yfirferð á erindi [REDACTED] ásamt gögnum sem nefndinni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, telur nefndin að ekki séu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu gerir þó athugasemdir við skort á upptökum úr búkmyndavélum og úr bifreið sem flutti [REDACTED] handtekinn á lögreglustöð.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24080004

Ákvörðun nr. 18/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 18/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 8. júlí 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Vestfjörðum þann 6. júlí sá. Fram kemur að kvartandi sé foreldri [REDACTED] starfsmanns verslunar í [REDACTED]. Barnið hennar hafi verið við störf í versluninni þann 6. júlí 2024 þegar þar í annarlegu ástandi koma í verslunina og að lögreglumaður hafi skilið parið sem var grunað um ólögmeða háttsemi, eftir í versluninni og farið að sinna öðru útkalli, starfsfólki verslunarinnar til mikils ama. Starfsfólk verslunarinnar hafi hringt í þrígang eftir aðstoð vegna parsins, sem sýndi ógnandi hegðun

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum með bréfi dags. 19. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum sendi nefndinni umbeðin gögn dags. 28. ágúst 2024. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur vegna málsins og skýrslur.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að kvartað er yfir starfsháttum starfsmanns lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Eftir yfirferð á gögnum málsins telur nefndin óheppilegt að umræddir einstaklingar hafi verið skyldir eftir í versluninni en þau hafi hins vegar verið frjáls ferða sinna. Með hliðsjón af gögnum málsins, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23020001

Ákvörðun nr. 19/2025

Þann 28. mars 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 19/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu taldi tilefni til að taka til skoðunar á grundvelli c. liðar 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, viðbrögð lögreglu eftir snjóflóð á [REDACTED] í kjölfar birtingu fréttar um málið á [REDACTED]. Í fréttinni kemur fram að vegfarandi, sem hafi orðið innlyksa eftir snjóflóð á [REDACTED], hafi verið ósáttur við viðbrögð lögreglu. Gerði hann m.a. athugasemdir við að Fjarskiptamiðstöð lögreglu hafi ekki viljað kalla út björgunarsveit og ekki komið upplýsingum um snjóflóðið til Vegagerðarinnar. Nefndin óskaði í kjölfarið eftir upplýsingum um atvikið frá embætti ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 16. febrúar 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, með síðari breytingum, getur nefnd um eftirlit með lögreglu tekið atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til. Hvað varðar heimild nefndarinnar til að beina tilmælum til lögreglustjóra um ákveðnar aðgerðir fer eftir 4. mgr. 35. gr. a. sömu laga

2.

Nefndinni bárust gögn vegna málsins frá embætti ríkislögreglustjóra 17. mars 2023, en nefndin fékk afhent afrit af öllum samskiptum vegna málsins, símtölum til 112 og samskiptum sem fram fóru í gegnum Tetra vegna atviksins.

Yfirferð nefndarinnar á samskiptunum, leiddi í ljós að í upphafi hafi einstaklingurinn ekki verið í neyð staddur vegna snjóflóðs heldur hafi hann lent í vandræðum vegna bilaðs ökutækis. Síðar í samskiptunum þegar einstaklingurinn hefur verið sóttur af kunningja sínum, tilkynnti hann um að snjóflóð hafi fallið og þeir séu innlyksa. Lögregla tilkynnti þeim í kjölfarið að hún myndi gera ráðstafanir.

Fjarskiptamiðstöð lögreglu(FMR) hafði samband við bakvakt á [REDACTED] og upplýsti hana um snjóflóðið og tilkynnti einnig að Vegagerðin hafi verið upplýst um málið. Af Tetra-

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

samskiptum FMR við Vegagerðina má heyra að þeim hafi sannarlega verið tilkynnt um aðstæður mannanna og um snjóflóðið um kl. 03:30 en símtal tilkynnanda við FMR þar sem tilkynnt er um snjóflóð hófst um kl. 03:29.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Með hliðsjón af gögnum málsins, telur nefndin ekki þörf á að aðhafast frekar vegna málsins enda séu ekki vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins.

Reykjavík, 28. mars 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020008

Ákvörðun nr. 20/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 20/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED]. 26. febrúar 2024. Í erindinu var óskað eftir því að nefndin tæki til skoðunar framgöngu lögreglu gagnvart kvartanda er hún var handtekin og var í kjölfarið undir rannsókn lögreglu vegna meintra brota á 193. gr. hegningarlaga.

Í erindinu gerði kvartandi m.a. athugasemdir við meinta refsiverða háttsemi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram komu ávirðingar um að lögreglustjóri hafi mögulega beitt kvartanda blekkingum eða svikum í samskiptum sínum við hana um málið. Einnig voru gerðar athugasemdir við aðgerðir lögreglu vegna málsins en eftirfarandi kemur m.a. fram í erindi frá kvartanda:

[REDACTED]

Í kjölfarið óskaði nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 13. mars 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 6. ágúst 2024. Meðfylgjandi voru gögn málsins. Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins taldi nefndin rétt að framsenda erindið til héraðssaksóknara til þóknarlegrar meðferðar með bréfi dags. 25. nóvember s.á, með vísan til 4. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Með bréfi dags. 10. desember s.á. barst nefndinni tilkynning um að embætti héraðssaksóknara hefði vísað kærinni frá með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Þá barst nefndinni tölvupóstur frá kvartanda þann 11. desember s.á., þar sem kvartandi upplýsti nefndina um að upphafleg kvörtun hennar til nefndarinnar hafi ekki aðeins snúið að hugsanlegri háttsemi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins heldur hafi lotið að öllum aðgerðum lögreglu, m.a. þeirri að grípa fram fyrir hendur dómstóls sem var með löglegt aðfararmál til meðferðar. Aðfararmálið hafi verið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur þennan sama dag [REDACTED] þar sem því var frestað fram yfir áramót til greinargerðarskila lögmanns [REDACTED] Taldi kvartandi því, lögregla hafi gripið fram fyrir hendur dómstóls og [REDACTED], en slíkur annmarki gæti brotið í bága við þriggriðingur ríkisvaldsins. Um hafi verið að ræða [REDACTED] í löglegum búningi og í eðlilegum farvegi

fyrir dómstól. Þá kemur einnig fram að enginn undanfari eða upplýsingar hafi borist kvartanda um að mál [REDACTED] væri á borði lögreglu og því var hún í góðri trú er hún ákvað að upplýsa lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra um stöðu málsins og fékk svo svar frá lögreglustjóranum um að málefni [REDACTED] væru á forræði sýslumanns.

Kvartandi taldi það mikilvægt að nefndin kannaði þær aðgerðir lögreglu sem fram fóru [REDACTED]. Það hafi verið tilgangur kvörtunar hennar og telur hún að afgreiðsla málsins af hálfu nefndarinnar hafi ekki farið fram.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Eins og fram hefur komið framsendi nefndin meinta refsiverða háttsemi til embætti héraðssaksóknara. Hvað varðar aðra þætti kvörtunarinnar telur nefndin þá ekki falla undir valdheimildir nefndarinnar sbr. 1. kafla, þar sem efni hennar snýr að því að nefndin endurskoði eða fjalli um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga, almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála eða beitingu rannsóknarúrræða.

Með hliðsjón af framangreindu er erindinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24090006

Ákvörðun nr. 21/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 21/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 5. september 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu nafngreinds starfsmanns embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur að kvartandi telji starfsmanninn hafa viðhaft ámælisverðar starfsaðferðir gagnvart kvartanda vegna leyfismála og að framkoma hans í starfi gagnvart kvartanda hafi verið verulega ámælisverð.

Í fyrsta lagi eru gerðar athugasemdir við að öll samskipti við leyfadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi einkennst af mikilli vanvirðingu og ámælisverðri framkomu frá því að umræddur starfsmaður tók við leyfismálum í tengslum við innflutning og sölu á [REDACTED].

Í öðru lagi heldur kvartandi því fram að hann hafi áreiðanlegar heimildir fyrir því að aðrir innflutningsaðilar og söluaðilar [REDACTED] hér á landi hafi ekki þurft að þola sömu íþyngjandi málsmeðferð og kvartandi. Telur kvartandi að það megi einungis rekja til persónulegrar afstöðu umrædds starfsmanns til fyrirtækis kvartanda í kjölfar atburðar sem átti sér stað og starfsmaður vísar til í samskiptum við kvartanda.

Í þriðja og síðasta lagi telur kvartandi það jafnframt vera verulega ámælisvert af hálfu embættisins að slengja því fram að kvartandi megi teljast [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 25. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða

lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. janúar 2025. Meðfylgjandi voru leyfisbréf, samskipti milli lögreglumanns og kvartanda og skýrslur vegna mála sem tengdust kvartanda og vörðuðu meint brot á vopnalögum nr. 16/1998 og tollalögum nr. 88/2005.

Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Eftir að leyfi kvartanda rann úr gildi tóku gildi nýjar reglur í reglugerð 787/1998. Eldri reglur giltu áfram um leyfi sem voru í gildi. Nýjar reglur tóku gildi þann 2. mars 2023 komu veg fyrir að kvartandi gæti flutt umrædd [REDACTED] til landsins þar sem [REDACTED] uppfylltu ekki skilyrði reglnanna. Einhvers misskilnings virðist hafa gætt hjá kvartanda varðandi þennan þátt en alveg skýrt er að leyfi hans fyrir innflutningnum rann úr gildi 11. nóvember 2022 og að eldri reglur giltu um leyfi sem voru enn í gildi.

Í erindi sínu gerir kvartandi athugasemd við að hafa ekki fengið afrit af starfsleyfi sínu sem hann kveður fyrrum starfsmann leyfadeildar, [REDACTED] hafa endurnýjað og tilkynnt sér um símleiðis. Samkvæmt kerfi lögreglu var starfsleyfið ekki í gildi en ekki er hægt að gefa út afrit af starfsleyfi sem ekki er gilt í kerfum lögreglu. Hins vegar var gætt meðalhófs vegna meðferðar málsins og hafði það ekki áhrif á rekstur kvartanda að starfsleyfi hans væri ekki í gildi. Flutti hann inn [REDACTED] á tímabilinu auk þess stundaði fyrirtæki hans viðskipti á þessum tíma. Hafi kvartandi orðið fyrir

tjóni vegna þess að hann var ekki með gilt starfsleyfi hefur ekki verið ekki sýnt fram á það.“

Og einnig:

„Embættið getur tekið undir það að athugasemdir starfsmanns í tölvupósti til kvartanda voru mjög óheppilegar og óþarfar. Hefur verið farið yfir það í samtali við starfsmanninn til að fyrirbyggja að slíkt gerist aftur.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að um sé að ræða ámælisverða háttsemi tiltekins lögreglumanns vegna umræddra ummæla sem hann lét falla í samskiptum við kvartanda. Nefndin telur hins vegar með hliðsjón af þeirri afgreiðslu sem málið hefur þegar fengið hjá embættinu og snúa að ummælum lögreglumannsins, ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins. Hvað varðar athugasemdir kvartanda um meinta mismunun telur nefndin að engar vísbendingar séu um slíkt.

Þá tekur nefndin ekki afstöðu til þeirra athugasemda sem gerðar eru í kvörtuninni, við afgreiðslu og/eða höfnun á veitingu leyfa til innflutnings og sölu á [REDACTED] enda fellur það ekki undir valdsvið hennar, sbr. 1. kafla og er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Þeim hluta erindisins er varðar synjun [REDACTED] er vísað frá.

Að öðru leyti er ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24050005

Ákvörðun nr. 22/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 22/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 24. maí 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku, framkomu og starfshætti starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar kvartandi var handtekinn þann [REDACTED] 2024 að tilhæfulausu. Fram kemur í erindinu að lögreglumenn hafi sýnt lítilsvirðandi hegðun og valdníðslu í hennar garð. Einnig að skýrslur lögreglu séu ekki í samræmi við málsatvik en kvartandi heldur því fram að hún hafi aðeins einu sinni verið spurð um nafn og kennitölu áður en hún var handtekin. Kvartandi telur sig hafa verið beitta harðræði við handtökuna og ekki verið gefin upp ástæða hennar. Henni hafi verið sýnd harka við líkamsleit og gert að gera þarfir sínar í fangaklefa þar sem hún dvaldi í 15 klst., en fangavörður hafi ekki hleypt henni á salerni fyrr en eftir margar klukkustundir.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 27. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

Því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. júní 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna af vettvangi, upptöku af móttöku á lögreglustöð og fangagangi.

Af yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum er ljóst að kvartandi var ítrekað spurð um nafn og kennitölu en hún neitaði. Henni var einnig gert ljóst að hún yrði handtekin ef hún gæfi ekki upp þessar upplýsingar. Þá var henni gefin upp ástæða handtökunnar og reynt var að kynna henni réttindi sín í lögreglubifreiðinni en hún gerði lögreglumanninum erfitt fyrir með dónaskap. Þá hrækti kvartandi einnig framan í lögreglumanninn í bifreiðinni og var það ástæða þess að hún þurfti að bera hrákagrímu. Kvartandi sýndi mótþróa við allar aðgerðir lögreglu og hótaði ítrekað lögreglumönnum sem sáu um að leita á henni og koma henni í fangaklefa. Framkvæma þurfti öryggisleit á kvartanda til að komast að nafni hennar og kennitölu.

Fram kemur á upptöku af búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi að kvartandi óskar eftir lögmanni í þrígang en þrátt fyrir það kemur hvorki fram á handtökuskýrslu að hún hafi óskað eftir tilnefningu lögmanns né að haft hafi verið samband við lögmann.

Samskipti kvartanda birtast á eftirfarandi hátt í upptökum sem fylgdu með bréfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til nefndarinnar:

Kvartandi óskaði eftir því að fara á salernið um kl. 20:17 en er tjáð af lögreglu að hún þurfi að fara úr skónum fyrst. Þegar búið er að koma kvartanda fyrir í klefanum gerir hún þarfir sínar þar, fyrst kl. 20:19, aftur kl. 20:30 og 20:39. Kvartandi hringir bjöllunni ítrekað frá kl. 20:19-20:39.

Fangavörður kemur að klefanum kl. 20:46 og segir kvartandi aðeins: „fuck you“ og heldur áfram að hvíla sig.

Þá hringir kvartandi bjöllunni kl. 20:54 og gerir aftur þarfir sínar í klefann 30 sek seinna.

Aftur kl. 21:06 hringir hún bjöllunni og gerir svo í kjölfarið þarfir sínar samstundis.

Fangavörður kemur og ræðir við kvartanda kl. 21:10 og biður kvartandi um að fá að fara á salernið. Fangavörður segir það ekki hægt og segir við kvartanda: „see you tomorrow“

Kvartandi heldur svo áfram að gera þarfir sínar án þess að hringja bjöllumni.

Kvartandi fær að fara á salernið kl. 22:48.

Kvartandi hringir bjöllu aftur frá kl. 23:50-00:00 en fær enginn viðbrögð fyrr en kl. 02:23 þegar hún fær að fara í annað sinn á salernið.

Henni tjáð kl. 02:27 að lögmaður komi í fyrramálið.

Hún hringir bjöllumni 05:07 en enginn kemur, pissar í klefa kl. 05:21.

Hún hringir bjöllumni 6:55 enginn kemur.

Hún hringir bjöllumni 7:47 og fær að fara á salernið kl. 7:49

10:00 tilkynnt um væntanlega skýrslutöku og spurð hvort hún vilji verjanda, hún segir ég vil fara heim (þá dettur upptaka út í skamman tíma) og ekki meira heyrist. Henni var sleppt úr haldi kl. 10:36

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi kvartanda er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku, framkomu og starfsháttum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að framkoma lögreglu og fangavarðar við kvartanda þegar á fangagang er komið er mögulega ámælisverð og gerir nefndin veigamiklar athugasemdir við hana.

Í fyrsta lagi óskaði kvartandi eftir tilteknum lögmanni strax í upphafi afskipta en var ekki leyft að hafa samband við hann sem fer í bága við 1. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. Þá er þess einnig ekki getið í gögnum málsins að kvartandi hafi óskað eftir tilnefningu lögmanns.

Í öðru lagi gerir nefndin athugasemdir við að kvartanda er ítrekað meinað að fara á salernið. Fyrst vegna þess að hún neitaði að fara úr skónum þegar lögregla bað hana um það og svo allt kvöldið af hálfu fangavarðar sem er starfsmaður Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, með þeim afleiðingum að hún gerir þarfir sínar í fangaklefan reglulega yfir kvöldið eða þar til hún fær að fara á salernið klukkan 22:28. Þá er kvartandi búin að vera í fangaklefa síðan 20:17 og þá þegar óskaði hún fyrst eftir að fá að fara á salernið. Nefndin telur að samskipti og framkoma fangavarðar við kvartanda hafi verið ámælisverð og virðist einkennast af niðurlægingu í garð kvartanda.

Með því að hleypa kvartanda ekki á salernið þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar verður ekki annað séð en að viðhöfð hafi verið vanvirðandi meðferð á kvartanda. Nefndin bendir á að samkvæmt reglum um fangageymslur nr. [REDACTED] kemur fram að meta skal ástand hins handtekna, hversu oft hann þarfnast vitjunar, þörf hans fyrir umönnun og hvort þörf sé á að kalla til lækni. Matið skal skráð, þ.e. niðurstöðu tíðni eftirlitsferða í LÖKE, sbr. 11. gr. reglnanna. Vistunarskýrslu er þó ekki að finna meðal gagna sem nefndinni barst frá embættinu. Þá skal skv. 26. gr. reglnanna framkvæma mat skv. 11. gr. og markmið með slíku mati er að koma í veg fyrir sjálfsskaða í fangaklefa og tryggja ítarlegt eftirlit með myndvöktun og rauneftirliti. Fram kemur í 34. gr. reglnanna að ef kastað er upp, einstaklingur lætur frá sér þvag, saur eða blóð eða aðra líkamsvessa í fangamóttöku eða klefum skal það þrifið án tafar. Nefndin gerir athugasemdir við að ýmis frávík eru í máli kvartanda frá þessum reglum og er erindið því sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknarlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Með hliðsjón af því hvernig málavöxtum er líst í erindi kvartanda og af gögnum málsins frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þá telur nefndin að starfsmenn embættisins hafi viðhaft ámælisverðar starfsaðferðir/starfshætti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Nefndin telur mikilvægt að embættið fari ítarlega yfir málið og girði fyrir að sambærilegt atvik eigi sér stað aftur. Erindið er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknarlegrar meðferðar sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Tilkynning er einnig send á Opcat – eftirlit með aðstæðum frelsissviptra, ásamt niðurstöðu nefndarinnar.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Nefndin telur starfsmenn embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafa viðhaft ámælisverða háttsemi og sendir erindi [REDACTED] til þóknanlegrar meðferðar.

Tilkynning er einnig send á Opcat – eftirlit með aðstæðum frelsissviptra.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24080005

Ákvörðun nr. 23/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 23/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst ábending frá tryggingarfélagi, dags. 17. júlí 2024. Þar var komið á framfæri við nefndina upplýsingum um að lögfræðingur sem tilkynnti tjón til tryggingarfélagsins f.h. umbjóðanda síns, hafi einnig sem starfsmaður ríkislögreglustjóra ritað framlagða lögregluskýrslu í málinu vegna slyssins. Eftirfarandi kemur fram í bréfi tryggingarfélagsins til ríkislögreglustjóra:

„Atvikið var tilkynnt til félagsins af [REDACTED], lögfræðingi, en tjónþoli hafði veitt starfsmönnum [REDACTED] umboð til að annast hagsmunagæslu fyrir sig vegna slyssins (fskj. 1).

Við vinnslu málsins var félaginu afhent lögregluskýrsla dags. 17.5.2024 af umboðsmanni tjónþola sem finna má á fskj. 2. Var skýrslan lögð fram sem sönnunargagn í málinu. Við yfirlestur á lögregluskýrslunni kom í ljós að skýrsluritari er [REDACTED] eða sá sami og fer með umboð fyrir tjónþola í umræddu slysamáli.

Félagið gerir athugasemd við að starfsmaður embættis ríkislögreglustjóra sjái um skýrsluritun í máli sem hann er sjálfur með umboð í, til að annast hagsmunagæslu fyrir þann sem skýrsluna varðar. Telur félagið það draga úr trúverðugleika skýrslunnar og embættisins í heild.

Félaginu þykir einnig einkennilegt að skýrslan komi frá embætti ríkislögreglustjóra en ekki frá lögreglunni á [REDACTED] sem [REDACTED] heyrir undir og að hún sé skrifuð rúmlega tveimur árum eftir að slysið á að hafa átt sér stað.

Félagið gerði athugasemdir við að starfsmaður embættis ríkislögreglustjóra hafi séð um skýrsluritun í máli sem hann sé sjálfur með umboð í, til að annast hagsmunagæslu fyrir þann sem skýrslan varðaði. Taldi félagið það draga úr trúverðugleika skýrslunnar og embættisins í heild.“

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir gögnum og upplýsingum vegna málsins frá ríkislögreglustjóra þann 6. nóvember sl. Í kjölfar þess vísaði embætti ríkislögreglustjóra málinu til héraðssaksóknara á grundvelli 6. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 19/1996. Héraðssaksóknari vísaði málinu til nefndar um eftirlit með lögreglu til þóknanlegrar meðferðar dags. 20. nóvember sl.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Eftirfarandi kemur fram í framsendingu erindis frá embætti héraðssaksóknara til nefndarinnar dags. 20. nóvember 2024:

„Með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 222/2017 framsendist hér með ábending embættis ríkislögreglustjóra um hugsanlega ámælisverða hegðun starfandi lögreglumanns við það embætti. Ábendingin tengist hagsmunagæslu hans sem lögmaður tjónþola í slysamáli hjá tryggingarfyrirtæki en lögreglumaðurinn hafi einnig verið skýrsluritari lögregluskýrslu í máli [...] vegna slyssins.

Við frumathugun héraðssaksóknara kom í ljós að lögreglumaðurinn hafði verið starfandi hjá embætti lögreglustjórans á [REDACTED] þegar slysið átti sér stað og hafði

bókað um atvikið í upplýsingakerfi lögreglu í máli [...] þann 2. febrúar 2022. Skýrslu vegna atviksins gerði lögreglumaðurinn síðan 17. maí sl. sem notuð var sem gagn í tjónamáli tryggingarfélags. Á heimasíðu [REDACTED], sem annast umsýslu tjónamálsins samkvæmt meðfylgjandi umboði, er lögreglumaðurinn skráður sem starfsmaður lögmennsstofunnar og virðist hafa komið fram sem slíkur gagnvart tryggingafélaginu í tjónamálinu.

Að mati héraðssaksóknara er ekki um refsiverða háttsemi að ræða af hálfu hins tilkynnta en hugsanlega ámælisverða hegðun sem fari gegn siðareglum lögreglu og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Erindið er því framsent nefnd um eftirlit með lögreglu til þóknanlegrar meðferðar.“

Ljóst er af gögnum málsins viðkomandi lögreglumaður fór ekki með umboð vegna slysamálsins en kom þó fram fyrir hönd þeirra lögmanna sem fóru með umboð vegna málsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn. Með hliðsjón af gögnum málsins og yfirferð nefndarinnar telur nefndin ljóst að umrædd háttsemi sé ámælisverð og kasti rýrð á embættið þar sem um sé að ræða bersýnilegan hagsmunaárekstur sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 5. gr. siðareglna lögreglu en þar kemur m.a fram:

„[...] ber að forðast hvers kyns hagsmunaárekstra, tökum ekki að okkur verkefni sem eru ósamrýmanleg starfi hjá lögreglunni eða skapa efasemdir um hlutlægni. Við höfum ekki aðkomu að verkefnum eða ákvörðunum sem varða persónulega hagsmuni okkar eða hagsmuni tengdra aðila sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Starfsfólki lögreglu er skylt að upplýsa um hugsanlega hagsmunaárekstra“.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Ljóst er af gögnum málsins að einstaklingurinn upplýsti hvorki um hugsanlegan hagsmunaáreksur né tilkynnti embættinu um aukastarf skv. 20. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nefndin telur á grundvelli alls framangreinds tilefni til að senda málið til þóknanlegrar meðferðar hjá embætti Ríkislögreglustjóra, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindið er sent embætti Ríkislögreglustjóra til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24080006

Ákvörðun nr. 24/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 24/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi, [REDACTED], dags. 5. júlí 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við forgangsakstur lögreglu á milli Þrastalundar og Þingvallaafleggjara klukkan 17.41, þann 5. júlí 2024. Í erindinu kemur fram að það hafi minnstu mátt muna að lögreglubifreiðin lenti framan á bifreið [REDACTED] og fjölskyldu hans en lögreglubifreiðin kom úr gagnstæðri átt út úr beygju yfir óbrotna línu. Í erindinu er því lýst að ef ökumenn hefðu ekki verið svona vel vakandi þá hefði getað orðið þriggja bíla árekstur og stórslys á fólki.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi með bréfi dags. 20. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 17. desember 2024. Einu gögnin sem bárust frá embættinu er dagbókafærsla um forgangsakstur F1, á þessu svæði, vegna útkalls á Selfossi vegna [REDACTED] með skerta meðvitund. Af samskiptum sem áttu sér stað milli nefndarinnar og embættisins þá var eftirför á þeim vegi sem kvartandi talar um en það var degi á undan og kvartandi fullyrðir að atvikið hafi átt sér stað þann 5. júlí 2024.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin sig ekki hafa forsendur til þess að halda áfram með málið enda eru engin gögn til sem varpa ljósi á atvik þess og upplýsingar í kvörtun og gögnum lögreglu ber ekki saman. Nefndin telur af þeirri ástæðu ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24080007

Ákvörðun nr. 25/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 25/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi, [REDACTED], dags. 4. ágúst 2024. Í erindinu eru kemur fram að kvartandi hafi verið að aka niður Ártúnsbrekku þegar maður á svörtum [REDACTED] rafmagnsbíl hafi ekið glæfralega fram hjá honum, veifað síðan lögregluskírteini út um gluggann og hringt í framhaldi á lögreglu. Lögregla hafi þá stöðvað hann fimm mínútum síðar hjá N1 Hringbraut, þar hafi verið tekið áfengis og vímuefnapróf af honum.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 20. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. nóvember 2024. Meðfylgjandi bréfinu var dagbókafærsla varðandi samskipti lögreglumanna við kvartanda í umrætt sinn. Í bréfi embættisins kemur að ekki er að finna skráningu vegna afskipta af kvartanda en á endanum hafi verið hægt að finna út úr því hvaða starfsmenn höfðu haft afskipti af kvartanda. Þá hafi ekki strax verið ljóst um hvaða starfsmann embættisins gæti verið um að ræða.

Stjórnendur ræddu við umræddan lögreglumann er ók um á einkabifreið sinni. Að hans sögn hafi honum verið afar brugðið yfir hröðum og ógætilegum akstri kvartanda. Brást hann við með að gefa kvartanda merki með lögregluskírteini sínu og hringja í varðstjóra á lögreglustöðinni á Hverfisgötu sem hefur umsjón með því svæði sem kvartandi ók á. Fram kemur að hann hafi gert það til þess að hægt væri að kanna með ástand ökumannsins og akstur hans. Var það mat stjórnanda að lögreglumaðurinn hefði ekki fylgt reglugerð um lögregluskírteini og notkun þeirra nr. 380/2019 með því að nota skilríki sitt í umrætt sinn. Farið var yfir málið með starfsmanninum með það að markmiði að koma í veg fyrir að slíkt komi fyrir aftur.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að embættið hafi þegar brugðist við kvörtuninni með fullnægjandi hætti, farið hefur verið yfir reglur um notkun lögregluskírteina við umræddan starfsmann lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24080009

Ákvörðun nr. 26/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 26/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 10. ágúst 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við handtöku lögreglu og meinta vanvirðandi meðferð í fangaklefa lögreglu að Hverfisgötu. Í erindinu kemur fram að kvartandi hafi ekki farið sjálfviljugur inn í klefann en hafi þó ekki beitt neinu ofbeldi gegn lögreglu. Þá hafi hann reynt að komast út úr fangaklefanum. Við það báru þeir kvartanda inn aftur, tóku hann úr skóm, buxum og sokkum. Kvartandi segist hafa reynt að skemma dýnuna sem þar var og þá hafi þeir komið og tekið dýnuna og klippt hann úr bolnum og svo nærbuxunum. Kvartandi kveðst í erindi sínu hafa verið nakinn í fangaklefanum í sjö klukkutíma og fangaverðir hafi ekki svarað kalli eftir aðstoð í þann tíma.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 20. ágúst 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 2. september 2024. Í bréfi embættisins og gögnum málsins kemur m.a. fram að:

„búkmýndavélar af vettvangi sýni ekki samskipti við kvartanda heldur aðra í máli [REDACTED]. Þær upptökur hafi þó verið varðveittar þar sem til rannsóknar sé sakamál þar sem kvartandi er grunaður um brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1944 fyrir að kýla og bíta lögreglumenn.“

Eftirfarandi kemur fram í skýrslu sem bárust nefndinni með gögnum málsins:

„Í fangamóttökunni var [REDACTED] rólegur en þrætugjarn og margoft þurfti að útskýra fyrir honum ástæðu handtöku og blés hann í áfengismæli sem gaf niðurstöðuna 1.44%. Við kynntum [REDACTED] réttarstöðublað handtekinna manna og leystum hann úr handjárnnum þar sem hann sagðist vilja skrifa undir blaðið. Í þann mun sem hann ætlaði að skrifa undir reyndi hann að stinga sjálfan sig í hálsinn. Til að tryggja hans eigið öryggi settum við aftur á hann fjötra. Þegar við útskýrðum fyrir honum að hann væri á leið í fangaklefa í þágu rannsóknar málsins streittist [REDACTED] mikið á móti þegar átti að færa hann í fangaklefa og þurftum við ásamt lögreglumönnum nr. x og nr. x að halda honum inn í fangaklefa. Í lyftu fangamóttökunnar sagði hann við mig að hann hefði getað bitið mig tvisvar og sá lögreglumaður nr. x [REDACTED] reyna að halla höfði sínu í átt að fætinum mínum. Í lyftunni byrjaði [REDACTED] einnig að skalla vegg lyftunnar og þurfti ég að halda um höfuð hans til að tryggja hans öryggi. Eftir að búið var að tryggja [REDACTED] inn í fangaklefanum sáum við í öryggismýndavélum að hann væri byrjaður að naga dýnu fangageymslunnar og var því ákveðið að fara aftur inn í klefan og fjarlægja dýnuna og fatnað hans til að tryggja hans eigið öryggi í ljósi þess að hann hafði reynt að stinga sjálfan sig í hálsinn með penna stuttu áður. [REDACTED] streittist þá mikið á móti og þegar við náðum að færa hann í jörðina reyndi hann að fleygja höggi með krepptum hnefa hægri handar í átt að mér og greip um búnað minn á vestinu mínu og reyndi að rífa talstöðina af mér. Þar sem [REDACTED] veitti mótspyrnu inn í klefanum og til að tryggja öryggi lögreglumanna á vettvangi var ákveðið að klippa fötin af [REDACTED] í stað þess að reyna að klæða hann úr þeim.“

Skýrslutaka fór fram af kvartanda þann 10. ágúst 2024 klukkan 13.17 og lauk 13.35. Þar var Sindri „sakaður um að hafa í framhaldinu brotið gegn valdstjórninni með því að veitast að lögreglumönnum með líkamlegu ofbeldi og var því gefið málsnúmerið [REDACTED]. [REDACTED] er kynnt að samkvæmt 2. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 fer héraðssaksóknari með rannsókn

brota gegn valdstjórninni. Með vísan til þess sem fram kemur um aðstoð lögreglustjóra þeirra á milli í 2. ml. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 192/2008, hefur héraðssaksóknari óskað eftir því að lögreglustjóri beri meint brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga undir sakborning sem er í haldi lögreglu. [REDACTED] er kynnt að honum er óskýlt að tjá sig varðandi brot sín en kjósi hann að tjá sig er hann áminntur um sannsögli. [REDACTED] er kynnt að hann eigi rétt á verjanda á öllum stigum málsins. [REDACTED] kveðst skilja réttarstöðu sína.“

[REDACTED] var boðið að tjá sig um sakarefnið og sagðist hafa verið að „sýna þeim að ég hefði tækifæri til þess að gera þessa hluti en myndi aldrei gera það. Þess vegna sagði ég þeim frá því að ég gæti bitið þá og þess háttar. Ég myndi aldrei gera neitt af þessu, ég myndi aldrei kýla lögreglumann. Eitt [er] að lenda í slag í bænum en að kýla lögggu myndi aldrei enda vel. Ég gerði það því þeir voru að fara harkalega í mig.“

Af upptökum úr kerfum lögreglu á Hverfisgötu má sjá að þegar [REDACTED] kemur á lögreglustöðina er hann rólegur og yfirvegaður og á í spjalli við lögreglumenn um atvikið sem átti sér stað stuttu áður. Biður um að sleppa við fangavist þar sem hann er með „svakalega fóbíu fyrir fangaklefa“. Klukkan 05.46 er honum er kynnt réttarstaða sín og að hann eigi rétt á lögmanni á öllum stigum málsins en [REDACTED] óskar ekki eftir lögmanni á þessum tímapunkti. [REDACTED] fer stuttlega yfir atvikið með lögreglumönnum. Ítrekar að hann sé tilbúinn að jata á sig hvað sem er ef hann fær að sleppa við fangaklefa. Um klukkan 6.02 er hann leystur úr handjárnnum og þá er hann hinn rólegasti en spyr hvort hann sé að fara í fangaklefa sem lögreglumaður jatar að sé að fara að gerast [REDACTED] virðist komast í nokkuð uppnám við þær fréttir og óskar eftir að fá að tala við rannsóknarlögreglumann sem er yfir þessu máli og honum er tjáð að hann fái að gera það í skýrslutöku seinna í dag. [REDACTED] spyr hvað ef hann myndi fara á spítala og tjáir svo lögreglumönnum að hann ætli að skrifa undir. Klukkan 06.04 sést hann reyna að stinga pennanum í hálsinn á sér og er hann þá stöðvaður af og settur aftur í handjárn. Þegar færa átti [REDACTED] í fangaklefa sést hvar hann streitist töluvert á móti og endar í jörðinni fyrir framan lyftuna og spyr hvert hann sé að fara og honum tjáð að hann sé að fara í fangaklefa. Er hann þá borinn inn í lyftuna og inn í fangaklefa.

Af upptökum úr búkmyndavélum inni í fangaklefa má sjá að [REDACTED] segist vilja vera samstarfsfús og liggur kyrr þegar lögreglumenn klæða hann út buxum og taka belti. Svo leysa þeir hann úr handjárnnum er hann liggur á maganum á dýnu á gólfi fangaklefans, sleppa honum svo og hlaupa út úr klefanum. Þar má sjá stuttlega að [REDACTED] sprettur á fætur og hleypur í átt að dyrunum á eftir lögreglumönnum. Stuttu síðar fara lögreglumenn inn í fangaklefan þar sem [REDACTED] er að naga dýnuna og þar sjást lögreglumenn taka hann úr bolnum en við það streitist [REDACTED] mikið á móti, hann beðinn um að róa sig niður og taka djúpt andann. Í ljósi aðstæðna ákveða lögreglumenn að sækja skæri til að klippa [REDACTED] úr bolnum. Enda á að rífa og klippa bolinn. Heyrast lögreglumenn segja „það er ekki hægt að treysta neinu sem þú gerir eða segir“. [REDACTED] er einnig klipptur úr nærfötunum og liggur í

lögreglutökum nakinn. Þar virðist [REDACTED] hafa róast talsvert. Lögreglumenn yfirgefa þá klefann í flýti og [REDACTED] er eftir nakinn inn í fangaklefa.

Á upptökum úr fangaklefanum má sjá sömu atburðarrás og sést á upptökum úr búkmyndavélum en þar sést hann einnig sveifla krepptum hnefa í áttina að lögreglumanni og halda fast í vestið. Talsvert var um átök í þessum aðstæðum eins og myndefnið ber með sér. Hann hringir nokkrum sinnum bjöllunni eftir þessa atburðarrás frá klukkan 06.21 og virðist nokkuð órólegur í klefanum og kl. 06.24 og kl. 06.30, skallar hann dyr fangaklefans. Þá virðist hann hafa kastað upp í klefann og kast af sér þvagi í annað horn klefans nokkrum sinnum á þessum tíma er hann var inni í klefanum til kl. 13.08 þegar fangavörður kemur inn í klefann með föt fyrir hann og færir hann í skýrslutöku. Á tímabilinu frá kl. 6.24 til 13.08 virðist enginn koma og athuga með hann.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefndin ekki annað séð en að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996 sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu skuli taka til þóknarlegrar meðferðar.

Augljóst var að kvartandi var verulega í uppnámi þegar honum var tilkynnt að hann yrði vistaður í fangaklefa fram að skýrslutöku seinna sama dag. Hann var á köflum æstur, órólegur og sveiflaðist þar yfir í að vera rólegur og samstarfsfús. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í erindi kvartanda og yfirferð þeirra gagna sem nefndin fékk afhent frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, gerir nefndin athugasemd við hversu lengi

kvarrandi er hafður afskiptalaus í fangaklefa án þess að fangavörður hugi að honum, þrátt fyrir að hann hringi bjöllunni ítrekað frá kl. 6.24 til kl. 13.08. Á þeim tíma virðist hann gera þarfir sínar í eitt hornið og kasta upp.

Samkvæmt reglum um fangageymslur nr. LRH176 kemur fram að meta skal ástand hins handtekna, hversu oft hann þarfnast vitjunar, þörf hans fyrir umönnun og hvort þörf sé á að kalla til lækni. Matið skal skráð, þ.e. niðurstöðu tíðni eftirlitsferða í LÖKE, sbr. 11. gr. reglnanna. Slíka vistunarskýrslu er ekki að finna meðal gagna sem nefndinni barst frá embættinu. Þá skal skv. 26. gr. reglnanna framkvæma mat skv. 11. gr. og er markmiðið með slíku mati að koma í veg fyrir sjálfsskaða í fangaklefa og tryggja ítarlegt eftirlit með myndvöktun og rauneftirliti. Reyni aðili sem vistaður er í fangaklefa að skaða sjálfan sig, skal tryggja öryggi viðkomandi. Skal það m.a. gert með því að fjarlægja teppi og fatnað sem vistaður aðili getur skaðað sig með, líkt og var gert í tilviki kvartanda. Gæta skal meðalhófs í öllum aðgerðum. Fram kemur í 34. gr. reglnanna að ef kastað er upp, einstaklingur lætur frá sér þvag, saur eða blóð eða aðra líkamsvessa í fangamóttöku eða klefum skal það þrifið án tafar en slíkt var ekki gert í máli kvartanda.

Með vísan til framangreinds gerir nefndin athugasemdir við frávík frá þessum reglum í máli kvartanda og er erindið því sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindið er sent til þóknanlegrar meðferðar hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu

Tilkynning er einnig send á Opcat – eftirlit með aðstæðum frelsissviptra, ásamt niðurstöðu nefndarinnar.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24090002

Ákvörðun nr. 27/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 27/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], fh. [REDACTED] dags. 2. september 2024. Í erindinu eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við störf lögreglu við húsleit og haldlagningu meintra fíkniefna þann 1. júlí 2024. Í erindinu kemur fram að lögreglan hafi farið offari í aðgerðum sínum og langt yfir meðalhóf.

Í fyrsta lagi hafi lögreglan ekki gengið úr skugga um það hvort að um löglega starfsemi gæti verið að ræða. Í öðru lagi hafi hún ekki skoðað gögn sem reynt var að sýna lögreglu því til sönnunar að um löglega [REDACTED] væri að ræða. Í þriðja lagi hafi hún sakað annan aðilann um að vera undir áhrifum vímuefna en ekkert er aðhafst í því né fengið það staðfest. Í fjórða lagi hafi meintir sakborningar í málinu ekki verið boðaðir í formlega yfirheyrslu eða skýrslutöku vegna málsins. Í fimmta lagi hafi lögreglan ekki sinnt skyldum sínum og gert öllum hlutaðeigandi máls grein fyrir stöðu sinni né boðað fasteignaeigendur (kvartanda) í skýrslutöku þar sem þeir séu hlutaðeigandi málsins.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 1. október 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 14. október 2024. Eftirfarandi kemur fram í skýrslu vegna máls nr [REDACTED]:

[REDACTED]

Meðal gagna málsins eru bréf frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21. ágúst 2024 stíluð á [REDACTED] og [REDACTED] þar sem þeim er tilkynnt um að rannsókn málsins hafi verið hætt þar sem ekki sé talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Þá eru þeir upplýstir um að komi ný sakargögn fram í málinu sé hins vegar unnt að taka rannsóknina upp að nýju sbr. 3. mgr. 57. gr. laga nr. 88/2008. Meðfylgjandi gögnum málsins voru öll gögn vegna mögulegrar sakamálarannsókn vegna plantnanna, gögn frá [REDACTED] og [REDACTED] vegna plantnanna, upptök úr búkmyndavélum bæði af aðgerðum lögreglu í [REDACTED] og bílskúr hússins. Vettvangsskýrslur o.fl. tengt rannsókn málsins og aðgerðum lögreglu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefndin ekki að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin fær ekki annað séð af upptökum úr búkmyndavélum, en að lögregla hafi verið að sinna lögmæltu hlutverki sínu samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála og lögreglulaga nr. 90/1996. Þá má sjá af upptökum úr búkmyndavélum að lögregla var kurteis, róleg og yfirveguð við aðgerðirnar, tekið tjöld og [REDACTED] niður varlega og af myndefni má einnig sjá hvar [REDACTED] aðstoðar lögreglu við að taka niður búnaðinn. Þá var þeim tilkynnt um að rannsókn málsins hafi verið hætt í lok ágúst 2024. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24090003

Ákvörðun nr. 28/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 28/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 2. september 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir starfsaðferðir og framkomu starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 1. september 2024. Fram kemur í erindinu að starfsmenn Keflavíkurflugvallar hafi verið að áreita kvartanda og fjölskyldu hans. Hann hafi í kjölfarið hringt á lögreglu sem mætti á vettvang. Annar lögreglumannanna hafi verið dónalegur og ekki viljað skrá kvörtun kvartanda gegn starfsfólki flugvallarins og ekki viljað leiðbeina honum um framlagningu kvörtunar. Lögreglumennirnir tóku einnig myndir af þeim og skilríkjum þeirra. Kvartandi segist hafa upplifað niðurlægingu.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 1. október 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 14. október 2024. Meðfylgjandi var dagbókarskýrsla lögreglu vegna málsins ásamt upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

Af meðfylgjandi upptöku má sjá afskiptin í heild á milli lögreglu og kvartanda. Af því sem fram kemur á upptökunni má ráða að kvartandi og fjölskylda hans hafi setið í barnakerrum á flugvellinum og öryggisverðir hafi haft afskipti af þeim þar sem um var að ræða fullorðna einstaklinga. Lögregla hafi svo verið kölluð vegna deilna þeirra á milli og kvartandi tjáði lögreglu að öryggisverðir hafi ýtt við honum. Kvartandi hafi viljað leggja fram kvörtun vegna öryggisvarðanna en lögreglumenn tjáð kvartanda að enginn lög hafi verið brotin. Lögreglan beinir þeim tilmælum til allra að slaka á. Lögreglumaður leiðbeinir einnig kvartanda að hann muni bóka um málið og vilji hann leggja fram kvörtun hjá lögreglu þá geti hann haft samband við embættið síðar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökunni, fær nefndin ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24090004

Ákvörðun nr. 29/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 29/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 5. september 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við afskipti lögreglu af kvartandi sem hann telur að hafi ekki verið vegna reglubundins umferðareftirlits heldur aðeins vegna fyrri afskipta lögreglu af honum. Ástæðulaus uppfletting lögreglu um kvartanda rökstyðji þetta.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 1. október 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 14. október 2024. Eftirfarandi kemur fram í bréfi embættisins:

„Lögreglan sinnir umferðaeftirliti á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019. Umferðaeftirlit er viðamikill hluti af starfsemi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og er sérstök umferðardeild til staðar hjá embættinu til viðbótar við lögreglustöðvarnar sem sinna einnig, eðli máls samkvæmt, umferðaeftirliti eftir því sem tilefni gefst til. Eðli máls samkvæmt er ekki alltaf hægt að skrá í lögreglukerfið (Löke) öll afskipti í venjulegu umferðaeftirliti þegar kannað er með ástand ökumanna og ökutækja, slíkt er bæði tímafrekt og ekki nauðsyn, sérstaklega ef allt reynist vera í eins og það á að vera að mati lögreglumanna og afskiptin ekki önnur en spjall við ökumann sem reynist vera í lagi að mati þeirra.

Í slíku eftirliti er eðlilegt að lögreglumenn fletti upp bílnúmeri, er þá kannað með tryggingar, skoðun bifreiða og einnig er kannað með eiganda. Hægt er að skoða hvort að eigandi/ökumaður sé með ökuréttindi og feril ökumanns. Til þæginda eru lögreglumenn með spjaldtölvur í lögreglubifreiðum en auk þess hefur fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra milligöngu með að afla upplýsinga úr Löke ef við á. Slíkar uppflettingar eru eðlilegur og nauðsynlegur hluti af starfi lögreglumanna.

Umrædd samskipti voru ekki skráð í Löke. Farið hefur verið ítarlega yfir hvort samskiptin hafi verið tekið upp á myndavélar en svo reyndist ekki vera.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefndin ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24090008

Ákvörðun nr. 30/2025

Þann 11. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 30/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 24. ágúst 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við háttsemi starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum á samfélagsmiðlinum [REDACTED]. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi verið „blokkaður“ af [REDACTED]-síðu embættisins fyrir það að benda á nýnasíska upphrópun og setja út á samúð með henni. Kvartandi telur það óboðlegt að lögreglan megi takmarka tjáningarfrelsi hans undir [REDACTED]-síðu sinni á sama tíma og hún velur að hýsa hatursorðræðu.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að háttsemi starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni, fær nefndin ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100001

Ákvörðun nr. 31/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 31/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 30. september 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu á Keflavíkurflugvelli þann 24. september 2024, þegar lögreglumaður biður hann um að framvísa vegabréfi sem kvartandi gerir. Stuttu seinna hittir kvartandi aftur á sömu lögreglukonu sem óskar þess að nýju að hún framvísi vegabréfi. Kvartandi hafi neitað að framvísa því að nýju og vísaði til þess að hún hafi verið nýbúin að sýna henni vegabréf og dvalarleyfisbréf frá [REDACTED]. Við þá neitun hafi lögreglumaðurinn tjáð henni að hún þyrfti að koma með henni inn í yfirheyrsluherbergi sem kvartandi hafi gert án athugasemda og þar hafi hún að nýju framvísað þeim gögnum sem beðið var um. Í erindinu er þess óskað að starfsaðferðir lögreglu í þessu tilviki séu skoðaðar.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesja með bréfi, dags. 6. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. janúar 2025. Í bréfi frá embættinu kemur fram, „eftir yfirferð málsins er það mat LSS að ekki sé hægt að taka undir það að starfsaðferðir og framkoma starfsmanna LSS hafi verið ábótavant í málinu. Um var að ræða hefðbundið löggæslueftirlit í flugstöð Leifs Eiríkssonar.“ Meðfylgjandi var bókun embættisins vegna afskiptanna í umrætt sinn auk upptaka úr búkmyndavélum lögreglu.

Af upptökum úr búkmyndavélum má sjá að lögreglumenn voru kurteisir og upplýstu hvers vegna væri verið að hafa afskipti af kvartanda. Kvartandi var sýnilega pirraður á afskiptum lögreglu en framvísaði vegabréfi ásamt gildu dvalarleyfiskorti frá [REDACTED]

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin ekki að um sé að ræða mögulega ámælisverða háttsemi tiltekins lögreglumanns. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100002

Ákvörðun nr. 32/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 32/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 1. október 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglunnar á Suðurnesjum. Í fyrsta lagi er kvartað undan því að lögregla hafi ekki, hvorki formlega né yfirleitt, haft samband við börn hins [REDACTED] vegna [REDACTED], heldur hafi þau frétt af því í gegnum [REDACTED] þeirra. Að mati kvartanda væri eðlilegt að lögregla hefði samband, að fyrra bragði eða eftir á, og tilkynnti aðstandendum um að [REDACTED] hefði borið að og að rannsókn væri í gangi. Í öðru lagi þá er kvartað yfir því að lögregla virðist ekkert hafa gert með ábendingar kvartanda um að hinn [REDACTED] hefði verið á sjúkrahúsi að líkindum innan við 12 klst. áður en hann [REDACTED]. Í þriðja lagi er gerð athugasemd við meintan seinagang lögreglu varðandi niðurstöður [REDACTED].

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 25. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 11. desember 2024. Í bréfi frá embættinu kemur fram:

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED].

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

Eftir yfirferð málsins er það mat LSS að ekki sé hægt að taka undir það að starfsaðferðir og framkoma starfsmanna LSS hafi verið ábótavant í málinu.

Meðfylgjandi eru allar umbeðnar upplýsingar og gögn lögreglu er varða málið.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum tekur nefndin undir mat Lögreglustjórans á Suðurnesjum og telur að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100003

Ákvörðun nr. 33/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 33/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 21. september 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir við afskipti þann sama dag á [REDACTED] þar sem kvartandi hafi verið á grænu umferðarljósi á akstri. Í erindinu segir að þegar kvartandi nálgast Stórhöfða hafi lögreglubíll keyrt með blá ljós en enga sírenu inn á gatnamótin frá Stórhöfða og beygt niður í átt að Gullinbrú. Röð bíla hafi þurft að nauðhemla og bíll á eftir kvartanda hafi ekki náð að stöðva og ekið því aftan á bifreið kvartanda. Kvartandi ásamt ökumanni bifreiðarinnar sem lenti aftan á honum hafi farið inn á bílastæði við Bílasölu Guðfinns til að ganga frá tjónaskýrslu en áður en því var lokið hafi lögreglubifreiðin komið í rólegheitum aftur til baka akandi frá Gullinbrú. Í erindinu segir kvartandi að honum þyki þetta „lykta af misnotkun forgangsmerkja þar sem sú misnotkun varð slysavaldur“.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 6. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. nóvember 2024. Í bréfi frá embættinu kemur m. a. fram að þann 21. september sl. kl. 13.31 hafi verið óskað eftir aðstoð lögreglu vegna yfirstandandi innbrots. Lögreglumenn hafi farið með forgangi á staðinn. Tilkynningin reyndist þó eiga sér eðlilegar skýringar. Meðfylgjandi voru einnig upptökur úr Eyewitnesskerfi bifreiðarinnar, upptaka af gps slóð hennar þá leið sem hún fór í umrætt sinn, afrit af dagbók lögreglu (ekki var gerð skýrsla vegna málsins) og reglur LRH um akstur í akstri með forgangi – Neyðarakstri nr. LRH077. Ferilvöktun bifreiðarinnar er ekki lengur til en upptökum af þeim er eytt 30 dögum eftir að þær verða til.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Upptökur úr Eyewitnesskerfum lögreglubifreiðarinnar sýna að forgangsakstur í umrætt sinn hafi gengið nokkuð vel fyrir sig og umferð hafi vikið án vandkvæða. Augljóst er af viðbrögðum annarra ökumanna í umferðinni að þeir hafi verið meðvitaðir um forgangsakstur lögreglubifreiðarinnar í umrætt sinn. Nefndin telur að forgangsakstur lögreglu í umrætt sinn hafi verið í samræmi við reglur um neyðarakstur nr. 643/2004 og fyrrgreindra verklagsreglna um akstur með forgangi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100005

Ákvörðun nr. 35/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 35/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. apríl 2023 sem framsent var nefndinni frá embætti ríkislögreglustjóra þann 23. september 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir embættis lögreglustjórans á Vesturlandi vegna meints skorts á svörum vegna fyrirspurnar hans til embættisins vegna umferðaróhapps sem hann varð fyrir þann 8. október 2022. Kvartandi óskaði eftir stöðu málsins frá embættinu með tölvupósti þann 20. janúar 2023 en fékk engin svör. Í kjölfarið sendi hann meðfylgjandi kvörtun til ríkislögreglustjóra. Einnig kemur fram að kvartandi telji það ólíklegt að enn sé verið að kanna með myndbandsupptökur af atvikinu sjö mánuðum eftir óhappið.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi með bréfi dags. 6. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. nóvember 2024. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla vegna málsins. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram að rannsókn málsins hafi verið hætt þann 8. apríl 2023.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur hins vegar aðfinnsluvert að kvartanda hafi ekki verið tilkynnt um ákvörðun embættisins að hætta rannsókn málsins. Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á Vesturlandi að yfirfara verklag við tilkynningar embættisins um að hætta rannsókn mála svo að tryggt sé að slík mistök endurtaki sig ekki.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á Vesturlandi að yfirfara verklag við tilkynningar embættisins um að hætta rannsókn mála svo að tryggt sé að slík mistök endurtaki sig ekki.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100006

Ákvörðun nr. 36/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 36/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 10. október 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint athafnaleyssi embættis lögreglustjórans á Vesturlandi vegna tilkynninga sem kvartandi hefur tilkynnt embættinu um óskráðra og ótryggðra traktora á vegum bæjarins.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi með bréfi dags. 25. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. desember 2024. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur vegna málsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi. Af gögnum málsins má sjá að lögreglumenn embættisins eru meðvitaðir um umkvörtunarefnið og hafa í allmörg skipti brugðist við tilkynningum kvartanda vegna þess. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, og ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24100007

Ákvörðun nr. 37/2025

Þann 25. apríl 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 37/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. október 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og framkomu starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 12. október sl. Fram kemur í erindinu að tveir lögreglumenn hafi mætt við heimili kvartanda þegar lögregla var kölluð til vegna ágreinings kvartanda við nágranna sína um lóðarmörk. Kvartandi heldur því fram að annar lögreglumaðurinn hafi verið mjög ógnandi í hennar garð og meðal annars ásakað hana um að áreita fólk.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 25. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. nóvember 2024. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla vegna málsins og upptökur úr bókmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Af gögnum málsins má sjá að um langvarandi erjur er að ræða og hefur lögregla áður þurft að hafa afskipti vegna svipaðra aðstæðna. Af upptökum úr bókmyndavélum verður ekki séð annað en að lögregla hafi reynt að stilla til friðar á milli aðila og komið fram af rósemd og virðingu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr bókmyndavél, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, og ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. apríl 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson